

ÆTTAR- PÓSTURINN

7. árg.

ágúst 1995

3.tbl.

Af sólskinsdögum

Því er ekki að leyna að ritstjóri ÆP var dálítið áhyggjufullur föstudagskvöldið þann 21. júlí sl. Þá var dumbúngsveður og hiti eitthvað um 5 stig, nöpur norð-austangola – eða utangola einsog sagt er á Hjeraði – og fólk sem var að tjalda á Ættarflötinni blés í kaun, búið kuldaúlpum. En viti menn. Á laugardagsmorgun var komið glaðasólskin og hlýindi – enda var þá að hefjast ættarmót í Skógargerði og bar nafnið *Sólskinsdagar 95* einsog lesendur vita. Og sólin hélt áfram að skína og ættarmótið fór hið besta fram.

Hér er þess einginn kostur að rekja atburði þessara daga svo vit verði í. Fjöl-menni var svo að öll fyrri met voru slegin. Talnafróðir og rjettsýnir menn áætluðu að á laugardaginn hefðu verið á milli 250 og 300 manns saman komnir í Skógar-gerði. Það var farið í leiki undir stjórn Gunnars Helgasonar og Margrétar Schram (1h2c) og það voru teknar myndir og það var gluggað í bókina góðu sem kom austur beint úr prentsmiðjunni um hádegi á föstudaginn. Þar mátti ekki tæpara standa. Skógargerðissystur buðu upp á kaffi og bakkelsi. – Um kvöldið var svo samkvæmt venju veisla mikil í stóru tjaldi og stóð frameftir nóttu með fjöl-breyttum skemtiatriðum. Þar var mikið um saung og Hallgrímur Helgason (1h2c3a) flutti merkilega ræðu. Á sunnudag var notið veðurblíðu áfram, farið í gaunguferð að hyggja að skógrækt en aflýst rútuferð um Hjerað. Á lokahófinu í Valaskjálfr var troðfullur salur, eitthvað yfir 200 manns. Þar hjelt Dagný Marinósdóttir (1a2h3a) snjalla ræðu. Þar var og flutt lag Hauks Tómassonar (1g2b3c) við texta Indriða Helgasonar (1b). Fór veislan hið besta fram, Baldur Pálsson (1a2c3e) stjórnaði henni.

ÆP hefur í hyggju að gera ættarmótinu betri skil í aukablaði (eða fylgiriti) þegar líður á haustið. Hefur ritstj. m.a. augastað á ræðum Dagnýar og Hallgríms, svo og lagi Hauks. Í þessu blaði verður hinsvegar einkum drepíð á nokkur atriði sem gera þarf skil sem fyrst.

Um Skógargerðisbók

Hjer verður ekki fjölyrt um verðleika Skógargerðisbókar. Í ritdómi í Mbl. (10.8.) lýkur Sigurjón Björnsson miklu lofsorði á bókina. Hann telur líklegt „að þetta rit marki þáttaskil í ritun þessarar bókmenntagreinar og að með því sé komin fram á sjónarsviðið ný kynslóð niðjatala sem margir eigi eftir að leita til sem fyrirmyndar.“ – Raunar hafa allir, sem eitthvað hafa kynt sjer bókina, talið hana hið merkasta rit.

Svo sem áður hefur verið greint frá tók bókaútgáfan Þjóðsaga, á síðustu stundu, að sjer að gefa ritið út og var gerður samningur við forlagið þar að lútandi. Við sem stóðum að gerð bókarinnar tókum þá að okkur að selja 150 eintök og er það sjerstök útgáfa, þar sem bækurnar eru tölusettar og áritaðar. Þessi viðhafnarútgáfa var ætluð ættinni og töldum við víst að hún mundi bregðast dreingilega við þessu tiltæki. Reynslan sýndi líka að á ættarmótinu tóku menn bókinni opnum örmum og skal nú þakka hér þær góðu viðtökur sem bókin hefur feingið.

Fljótt hefur geingið á upplagið og þegar þetta er ritað (22.8.) eru aðeins eftir örfáar bækur og nokkuð af ósöttum pöntunum. Þessi sjerútgáfa kostar kr. 4.800 og er nokkuð dýrari en almenna útgáfan sem kostar í búð kr. 3.900. Vart þarf að taka fram að tölusettu eintökin eru mun verðmætari, ekki síst þegar frá líður.

Hér skal nú mælst til þess að menn geri upp hug sinn um kaup á tölusettu útgáfunni sem fyrst, einkum þeir sem eiga fráteknar bækur, en stefnt er að því að gera fullnaðarskil við útgáfufyrirtækið fyrir lok september.

Tölusett og árituð eintök af Skógargerðisbók hafa eftirtaldir til sölu

Anna Heiðlaug Bragadóttir Flúðum (Við-Bót), 701 Egilsstaðir. Sími: 471 1917.
Helgi Indriðason Hrísalundi 12a, 600 Akureyri. Sími: 462 4824.
Indriði Gíslason Barmahlöð 32, 105 Rvík. Sími: 562 5743.

Hugsanlegt er að nýta kortaviðskipti (raðgreiðslur), þá að höfðu samráði við bókaútgáfuna Þjóðsögu.

ÚR SÖNGLEIKNUM HEIMSLJÓS

Hún gefur mér undir fótarfót
og flest sitt augnatillits dót.

Gerist hún ekki grimm og ljót
geri ég úr henni ættarmót.

(1h2c3a)

Seint er fullsamið

Þó að Skógargerðisbók sé merkilegt rit þá er hún þó ekki alfullkomin fremur en önnur mannanna verk. Þegar hafa komið í ljós nokkrar villur sem slæðst hafa inn og líklega eru þær fleiri. Eru lesendur hvattir til að koma þeim til ÆP, sem þá mun koma leiðrjettingu á framfæri (sjá hjer á eftir).

Enn það þarf ekki bara að leiðrjetta Skógargerðisbók. Það þarf að halda áfram að semja hana. Lesendur eru hvattir til að taka þátt í þessu með því að koma á framfæri athugasemdum, viðbótum og hugrenningum sem vakna kunna við lestur ritsins. Skógargerðisbók verður aldrei fullsamin. ÆP (eða fylgirit hans) ætlar sér að verða farvegur fyrir tilraunir í þá átt.

Skógargerðisbók

Gerid svo vel að færa inn eftirfarandi leiðrjettningar:

Á bls. 292 hafa orðið nafnabrengr í myndatexta. Þar á að standa 'Ingunn húsfreyja *Emard*' (ekki Pálsdóttir).

Á bls. 293 er ekki farið rétt með dánardag Dagnýjar Pálsdóttur (1a), hún dó 2.3. (ekki 2.4.).

Á bls. 318 segir að Hermann Hermannsson (3c) hafi lokið prófi í byggingafræði, á að vera *byggingatalemafr.* Þar hefur einnig fallið niður að Hermann er meðeigandi í Almennu verkfræðistofunni.

Á bls. 404 er Guðmundur Magnússon talinn fæddur 1925 en fæðingarár hans er 1926 (eins og rétt er með farið í 3c á bls. 317).

Um myndatökur

Einsog mótsgesti rekur vafalaust minni til voru teknar myndir af niðjahópum á skipulegan hátt. Skarphjediinn Þórisson (1a213b) og Þórey Hannesdóttir (1a2c3e) tóku myndirnar. Mjög margir tóku einnig sínar eigin myndir af hópum. Þó þykir rjett að gefa fólki kost á að eignast myndir af töku þeirra Skarphjedsins og Þóreyjar en Ásgrímur Ásgrímsson á Egilsstöðum mun annast gerð þeirra. Fyrir utan niðjahópana verða fáeinar aðrar myndir frá ættarmótinu eftir sömu myndasmiði í boði. Alt eru þetta myndir í lit en þess skal getið að einnig voru teknar svarthvítar myndir af öllum hópunum. Nokkur vandkvæði eru hinsvegar á framleiðslu þeirra. – Sjá nánar um myndir á lausa blaðinu.

Vafalaust hefur orðið til mikið af góðum myndum þessa margrómuðu sólskinsdaga. Væri ekki upplagt að koma þeim á framfæri við ritstjóra ÆP?

Að halda ættarmót

Að þessu sinni hvíldi það nokkuð á ritstjóra ÆP að sjá um sólskinsdagana og er óhætt að segja að þetta olli honum talsverðu – þó að mestu leyti óþörfu – stressi. Það er reyndar ótrúlega mart sem þarf að gera og skal það ekki tíundað nákvæmlega hjer. Öll vinna við undirbúning hlýtur að lenda á heimamönnum og þá fyrst og fremst Víkingi bónda í Skógargærði. Baldur Pálsson frá Aðalbóli lagði einnig mikla vinnu af mörkum en án hans atbeina hefði illa geingið að koma upp stóra tjaldinu og salernisgám. Þessa hluti þarf að flytja lángar leiðir og lögðu þeir Gísli Pálsson frá Aðalbóli og Íngólfur Bragason frá Setbergi bíla sína í þá flutninga án þess að spurja um endurgjald enda var það ekki boðið. – Veislan í Valaskjálfi er sjer á parti og að sögn Ragnhildar Rósar, sem hafði hana á sinni könnu, alveg sjerlega taugaslístandi þarsem kokkurinn heimtaði stöðugt upplýsingar um fjölda matargesta sem nokkuð var erfitt að afla.

Það verður haldið ættarmót árið 2000. Á því er einginn vafi. En líklega verður að breyta skipulaginu. Stíla uppá laugardagskvöld sem hápunkt með smáupphitun á föstudagskvöldi kanski. En það eru fimm ár í þetta. Hugsum samt um það.

Ákveðið var að innheimta að þessu sinni kr. 500 í aðgangseyri af 16 ára og eldri. Smári Hermannsson sá um þá framkvæmd af röggsemi og smekkvísi.

Til fróðleiks er hjer yfirlit yfir fjárhag Sólskinsdaga 95.

Tekjur:

Aðgangseyrir 75.500

Gjöld:

Leiga á tjaldi 48.000

Olfuluktir 10.000

Eldsneyti á luktir 1.100

Salernispappír ofl. 2.000

Ljósritunark. 1.500

Dinnermúsík 5.000

Alls 67.600

Tekjuafgangur

7.900

Talsverðar vängaveltur hafa orðið um það hvernig ætti að ráðstafa því fé sem afgangs varð. Líklegasta niðurstaða: Krónunum verður varið til að kaupa trjáplöntur sem þá yrðu gróður settar næsta vor í minningu sólskinsdaga 1995.

Ættarpósturinn

Ritsj. og ábm.: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími: 562 5743.

Ritsjórnarfulltrúar: Dagný Sigurðardóttir Reynivöllum 11, 700 Egilsstaðir.

Sími: 471 1134; Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27, 107 Rvík. Sími: 552 1056.

Myndir frá Sólskinsdögum 1995

Eftirtaldar myndir er hægt að panta hjá Ásgrími Ásgrímssyni í Myndaframköllun – Hraðmynd Miðvangi 2, 700 Egilsstaðir. Sími 471 1777. Hann þarf að fá í hendur númer mynda sem menn vilja eignast. Ásgrímur býður einkum upp á tvær stærðir: 10 x 15 (48 kr.) og 15 x 21 (215 kr.); veitir afslátt ef menn taka margar myndir.

Ath.: Listar með nöfnum þeirra sem á myndunum eru verða látnir fylgja sendingum frá Ásgrími. Þá má líka fá hjá ritstjóra ÆP sem gefur nánari upplýsingar ef óskað er. Sjá líka Um myndatökur, bls. 3.

- | | |
|--------|---|
| F3.M1 | Barnabörn Helga og Ólafar í Skógargerði |
| F3.M6 | Niðjar Hallgríms Helgasonar og tengdafólk. |
| F3.M9 | Niðjar Guðrúnar Helgadóttur og tengdafólk. |
| F3.M12 | Niðjar Þórhalls Helgasonar og tengdafólk. |
| F3.M16 | Niðjar Indriða Helgasonar og tengdafólk. |
| F3.M34 | Afkomendur Margrétar Gísladóttur og tengdafólk. |
| F1.M0 | Helgi Gíslason, afkomendur og tengdafólk. |
| F1.M5 | Ingunn á Aðalbóli, afkomendur þeirra Páls Gíslasonar og tengdafólk. |
| F3.M30 | Hulda Gísladóttir, afkomendur og tengdafólk. |
| F1.M14 | Afkomendur Björgheiðar Gísladóttur. |
| F3.M26 | Sigríður Gísladóttir, afkomendur og tengdafólk. |
| F1.M20 | Guðlaug Gísladóttir og Guðni Gunnarsson, afkomendur og tengdafólk. |
| F3.M22 | Þórhalla Gísladóttir, afkomendur og tengdafólk. |
| F3.M27 | Sólveig Gísladóttir, Þorvaldur Kristmundsson og afkomendur. |
| F1.M10 | Indriði Gíslason, afkomendur og tengdafólk. |
| F3.M20 | Víkingur Gíslason og börn hans. |
| F4.M10 | Yfirlitsmynd: tjöld á Ættarflöt, bær; Austurfjöll. |
| F1.M11 | Bergþóra Gísladóttir og Helgi Indriðason (f. 1959). |
| F1.M26 | Ingunn Einarsdóttir á Aðalbóli og Thor Vilhjálmsson. |
| F1.M32 | Örnólfur Thorsson, Margrét Indriðadóttir, Indriði Gíslason, Helga Ágústsdóttir. |